

4. bekkur upplýsinga- og tæknimennt

Kennarar: Ester Rún Antonsdóttir

Lýsing

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur eiga að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið eftir hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár frá 2013.

Markmið

Markmið upplýsinga- og tæknimenntar í 4. bekk er að nemendur þjálfri með sér upplýsingalæsi og miðlalæsi, ásamt því að geta safnað saman upplýsingum til að svara spurningum, skrifa stuttar samantektir, o.fl.

Námsefni

Fingrafimi, námsleikir á mms, ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

Kennsluaðferðir

Unnið er í tölum með aðstoð kennara, eða í hóp þar sem kennari leiðir nemendur í gegnum verkefni. Nemendur eru hvattir til að vinna sjálfstætt að verkefnum.

Unnið er í lotum, þar sem árganginum er skipt í 3 hópa og fær hver hópur lotu bæði fyrir og eftir áramót.

Námsmat

Símat, virkni og þátttaka í kennslustundum. Metið eftir markmiðum aðalnámskrár.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk

- Framvinda
- Hæfnieinkunn (tákn)
- Hæfnieinkunn (A-D)

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Beitt undirstöðuatríðum í fingrasetningum.
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Tækni og búnaður

- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Sköpun og miðlun

- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

